

# Slysavarnir

## 6-11 *mánaða* barna

Stórt þungt höfuð  
Meiri hætta á falli

Óþroskuð bein  
Viðkvæm og þola ekki  
mikla fallhæð

Skoða hluti gjarnan  
með því að setja þá  
upp í sig. Geta bitið  
hluti í sundur

Geta farið að setjast  
upp án aðstoðar og  
farið að skríða

15% þynnri húð  
en fullorðnir  
Geta brennt sig á  
volgum vökvum

Geta farið að toga sig  
upp, standa óstudd og  
ganga með



**Börn 6 til 11 mánaða**  
**Á þessum aldri getur barnið sjálft**  
**valdið slysi ef þess er ekki vel gætt**

*Það er því mikilvægt að foreldrar fylgist ávallt vel með barninu og tryggja að umhverfi þess sé öruggt.*

*Börn hafa ekki þroska eða getu til að forðast slys eins og fullorðnir fyrr en eftir 12 ára aldur.*

**Ábyrgðin er hjá foreldrum og öðrum sem annast barnið**

**Lykilatriði er að vera búin að gera ráðstafanir áður en barnið nær næsta þroskastigi**


# Fall



- Slys af völdum falls eykst til muna á þessu aldri.
- Þegar haldið er á barni í stiga skal alltaf halda í handrið og stigin vera auður. Gætið þess að vera í stöðugum skóm.
- Öryggishlið eiga að vera bæði við efra og neðra stigaop. Þegar þau eru ekki í notkun eiga þau að vera lokuð.
- Ekki er mælt með notkun göngugrinda. Barn í göngugrind getur steypst niður stiga.
- Ekki er mælt með notkun hoppurólna. Börn hafa slasast við að detta úr þeim.
- Víkið ekki frá barni eitt augnablik, því það getur spyrt sér ofan af skiptiborði eða öðrum húsbúnaði.
- Setjið aldrei barn í barnabílstól eða ömmustól/taustól upp á borð eða annan húsbúnað, því það getur mjakað sér fram af.

- Gætið þess að barn þrili ekki upp á húsgögn því það kemst ekki niður aftur á öruggan hátt.
- Notið alltaf beisli í matarstól, strax frá fyrsta degi.
- Festið matarstólinn við borðið til að koma í veg fyrir að hann sporðreisist.
- Barnið gæti farið að klifra úr rúminu, hafið því hliðar rúmsins í hæstu stillingu og rúmbotn í þeirri lágstu.
- Hafið ekki barnarúm við glugga.
- Setjið öryggislæsingar sem tryggja að glugginn opnast ekki meira en 9 cm á alla glugga.
- Bil milli rimla í rúmi, í stiga og svalahandriðum og milli gólfs og handriðs má ekki vera meira en 9 cm. Notið mælistikuna.

## Brunaslys



- Hitið hvorki drykki né mat fyrir börn í örbylgjuofni. Matvæli hitna ójafnt í örbylgjuofni.
- Drekkið aldrei heita drykki með barn í fanginu. Haldið heitum drykkjum fjarri börnum.
- Kannið vel að hitastig baðvatns sé ekki yfir 37 °C áður en barnið er sett í það.
- Geymið kveikjara og eldspýtur þar sem börn ná ekki til.
- Hafið ekki logandi kerti þar sem barn nær til.
- Miðstöðvarofnar geta hitnað hættulega mikið. Gætið þess að barn snerti ekki heita ofna.
- Gætið þess að lampar og lampasnúrur séu þannig að barn nái ekki til þeirra.
- Ljósaperur sérstaklega halógenperur geta hitnað mjög mikið. Gætið þess að barnið geti ekki snert heita peru.

- Notið ekki straujárn á meðan barnið er nálægt. Látið straujárnið kólna þar sem barnið nær ekki til.
- Látið ekki snúrur raftækja hanga niður af borðum. Styttið þær með því að nota snúrustytti.
- Notið aftari hellur á eldavél eða snúið handföngum og sköftum að vegg, eða notið öryggishlíf á eldavélina.
- Bakaraofnar geta hitnað mikið að utan. Setjið á þá öryggishlíf og tryggjið að barnið geti ekki opnað þá.
- Hafið barnið á öruggum stað meðan verið er að elda.
- Verjið barnið fyrir sólinni, t.d. með léttum fatnaði sem hylur mikinn hluta líkamans og hatti sem skyggir á andlit þess og háls. Notið sólarvörn sérstaklega ætlaða ungum börnum. Gætið þess að börn séu ekki útsett fyrir mikilli sól nema örstutta stund í einu.

# Köfnun



- Setjið ekki kotta í rúm barnsins fyrir en eftir eins árs aldur og notið léttar sængur sem henta stærð þess.
- Látið barnið sofa í eigin rúmi. Rúm og sængurföt fullorðinna og það að sofa við hlið fullorðinna eykur hættu á köfnun.
- Fjarlægjið plastumbúðir og poka og geymið þar sem börn ná ekki til. Blöðrur henta ekki börnum á þessum aldri.
- Verið hjá barninu á meðan það er að borða eða drekka.
- Notið kokhólk (mælitæki fyrir hættulegt smádót) og fjarlægjið þá smáhluti sem eru hættulegir fyrir barnið og geymið þar sem það nær ekki til þeirra.
- Fylgist með eldri börnum og kennið þeim að setja ekkert í munn ung- og smábarna og að láta þau ekki hafa leikföng eða annað sem inniheldur smáhluti.
- Verið viss um að föt barnsins þrengi ekki að hálsi barnsins. Fjarlægjið reimar og bönd úr fatnaði.

- Setjið ekki hálsmen né eyrnalokka á ungbörn og látið þau aldrei vera með snuð hangandi í snúru um hálsinn.
- Styttið gardínusúrur eða hengið upp svo börn nái ekki til.
- Setjið ekki barnarúm eða rúm við glugga þar sem gardínusúrur hanga.

## Skurðir og mar



- Geymið hættulega hluti, þunga og beitta, þar sem barnið nær ekki til.
- Setjið hlífar á oddhvöss horn á húsgögnum sem eru í hæð barnsins.
- Gætið þess að eldri börn rétti smábörnum ekki hættulega hluti.
- Veljið leikföng sem hæfa aldri og þroska barnsins.






# Drukknun



- Víkið aldrei frá barni í baði, ekki eitt augnablik.
- Treystið ekki barni undir 12 ára aldri til að gæta kornabarns í baði. Þau hafa ekki þroska til að bera þá ábyrgð.
- Munið að baðsæti eru ekki öryggisbúnaður. Aldrei skilja barn eftir í slíku sæti eitt augnablik.
- Fylgist vel með börnum ef þau fá að leika sér í vatni. Víkið aldrei frá þeim.
- Tæmið alltaf vaðlaugar, fötur og garðkönnur eftir notkun.
- Látið barn aldrei leika sér eitt í setlaug (heitum potti) og setjið alltaf öryggislok yfir hana strax eftir notkun.
- Látið barn aldrei leika sér eitt nálægt pollum eða vatni. Barn á þessum aldri getur drukknað í 2-5 cm djúpu vatni.

# Útivera



- Beisli skal nota í vagna eða kerrur strax frá fyrsta degi.
- Kannið vel að barnavagninn eða kerran séu stöðug og með góðum hemlum áður en þau eru notuð í fyrsta sinn, hvort sem um nýjan vagn eða notaðan er að ræða.
- Látið börn ekki sofa úti í vagni í miklu roki eða frosti.
- Notið hlífðarnet fyrir vagninn til að hindra að kettir og skordýr komist að barninu.
- Gætið þess að eldri börn klifri ekki á vagninum á meðan barnið er í honum.
- Þegar farið er yfir götu er mikilvægt að ganga á undan og toga vagninn á eftir sér.
- Setjið endurskinsmerki á vagninn og kerruna.
- Ekki má reiða barn á hjóli fyrr en það hefur náð 9 mánaða aldri. Notið öruggan búnað. Klæðið barnið vel og látið það vera með þar til gerðan ungbarnahjál.

# Gátlistinn

Algengasti slysastaður barna á aldrinum 0-4 ára er á heimili þeirra. Það kemur mörgum foreldrum á óvart hversu alvarlega börn geta slasað sig á griðastað fjöldskyldunnar.

Þegar barnið getur sjálft farið að ferðast um þá aukast líkurnar á slysi til muna. Það er því mjög mikilvægt að foreldrar séu búnir að kanna hvort einhverjar hættur leynist á heimilinu og lagfæra þær ef með þarf.

Til að auðvelda foreldrum þetta hefur Forvarnahúsið látið útbúa gátlista fyrir heimilið þar sem farið er yfir helstu slysagildrum sem leynst geta á heimilum.

Mörg atriði á listanum koma foreldrum á óvart t.d. þegar spurt er hvort eldavélin sé fest við vegg. Flestum órar ekki fyrir því að þung eldavél geti oltið yfir smábarn en raunin er önnur. Því miður hafa orðið alvarleg brunaslys þegar börn notuðu ofnhurðir sem tröppu og við það fengið eldavélar yfir sig.

Peir sem ekki hafa fengið gátlistann geta nálgast hann á heimasíðu Forvarnahússins **[www.forvarnahusid.is](http://www.forvarnahusid.is)** eða haft samband við sína heilsugæslustöð.

## Eldvarnir á heimilinu

- Reykskynjarar eiga að vera á öllum heimilum. Æskilegt er að fá ráðleggingar hjá fagmönnum um staðsetningu þeirra. Mikilvægt er að skipta um rafhlöður í þeim reglulega, ekki sjaldnar en einu sinni á ári.
- Slökkvitæki og eldvarnateppi eiga einnig að vera á öllum heimilum. Fáðið ráðleggingar hjá fagmönnum um rétta staðsetningu og kynnið ykkur vel leiðbeiningar um rétta notkun.
- Hafið númer Neyðarlínunnar 112 við öll símtæki á heimilinu.
- Mikilvægt er að kunna rétt viðbrögð við eldsvoða. Kynnið ykkur almennar leiðbeiningar um eldvarnir.
- Setjið upp flóttáætlun og kynnið fyrir allri fjölskyldunni. Ekki geyma það þangað til það er orðið of seint.
- Gangið úr skugga um að ástand rafmagnsmála á heimilinu sé gott og standist lög um rafmagnsöryggi. Bilaðar rafmagnssnúður og innstungur ætti að laga strax.
- Geymið eldspýtur og kveikjara þar sem börn ná ekki til.
- Skiljið ekki eftir logandi kerti í mannlásum herbergjum.
- Lítið aldrei af pottum og pönnum meðan á matseld stendur.

**112**

Munið að lesa bæklinginn um öryggi barna í bílum.

**Viltu vita meira?**

Á [www.forvarnahusid.is](http://www.forvarnahusid.is)

er ýmis fróðleikur um slysavarnir barna.



**FORVARNAHÚSIÐ**